



13. júní 2002

Framtíð íslenska velferðakerfisins

Sameinuðu Þjóðirnar nefndu árið 1999 ár aldraðra. Með því vildu samtökin benda á þá staðreynd sem lýðfræðingar hafa gert sér grein fyrir í lengri tíma að þjóðir hins vestræna heims eru að eldast. Afleiðingar hærra meðalaldurs þjóða verða mismunandi eftir löndum en víst er að þær verða umtalsverðar.

Þessi mál hafa m.a. verið til umfjöllunar á vegum fjármálaráðherra Norðurlanda. Fyrir nokkrum árum voru birtar niðurstöður athugana og samanburðar á norrænu lífeyrskerfunum. Á fundi ráðherranna fyrir í þessari viku voru síðan birtar niðurstöður athugana á framtíðarhorfum er varða útgjaldahlíð norrænu velferðarkerfanna.

Ef lítið er til Íslands þá eru jákvæð teikn á lofti þegar kemur að framtíð útgjaldarhlíðar velferðakerfisins. Áætlað er að útgjöld vegna lífeyrismála muni lækka í hlutfalli við landsframleiðslu fyrst í stað en hækki síðan aftur þegar nær dregur árinu 2050. Gert er ráð fyrir að útgjöldin verði um 2% af landsframleiðslu árið 2000 sem og 2050. Þetta skýrist einkum af gerð íslenska ellilífeyrskerfisins sem byggist að mestu leyti á uppsöfnuðum réttindum ásamt tekjutengdum bótum. Þegar útgreiðslur úr starfsgreinatengdum lífeyrissjóðum fara að aukast munu greiðslur ríkisins til ellilífeyris minnka vegna tekjutengingarinnar. Þetta gerir það að verkum að hærri hlutfall aldraðra mun ekki mynda þrýsting á ríkisfjármálin í gegnum ellilífeyrisgreiðslur.

Útgjöld til heilbrigðismála eru hins vegar meira áhyggjuefni. Áætlað er að útgjöld til heilbrigðismála muni aukast úr um 7,5% af landsframleiðslu í tæp 9% á næstu fimmtíu árum. Í þessum útreikningum sem byggðir eru á vinnu Hagfræðistofnunar Háskólans er gert ráð fyrir hóflegri undirliggjandi kostnaðaraukningu hvað varðar almennar launa- og verðlagsbreytingar, en athugun Hagfræðistofnunar leiddi í ljós að þeir þættir skipta meira máli í heildarútgjaldapróun til heilbrigðismála en áhrif breyttrar aldursrúpsamsetningar. Þessar niðurstöður sýna mikilvægi þess að halda aftur af kostnaðaraukningu, m.a. með aukinni beitingu markaðslausna í heilbrigðiskerfinu.

Önnur leið til þess að mæta þeirri útgjaldaaukningu sem fyrirséð er í heilbrigðiskerfinu er niðurgreiðsla opinberra skulda. Íslensk stjórnvöld hafa þegar hafid markvissa skuldaniðurgreiðslu og má vænta þess að það muni leiða til töluverðs sparnaðar í vaxtagreiðslum í framtíðinni. Með slíkum aðgerðum er unnt að mæta fyrirsjáanlegri útgjaldaaukningu án þess að koma þurfi til skerðingar þjónustu eða hækunar skatta.

Samkvæmt þessari athugun virðist framtíð íslenska velferðakerfisins nokkuð björt sem m.a. má rekja til þess hvernig lífeyrskerfið er byggt upp. Hins vegar er mikilvægt að leita allra leiða til að halda aftur af kostnaði við þennan málaflokk í framtíðinni.

Er ástæða til að auka eftirlit með fjármálum fyrirtækja?

Á sama tíma og frelsi hefur aukist í viðskiptum – bæði innanlands og á milli landa – og fjármálaaðgerðir hafa orðið fleiri og flóknari hefur eftirlit með viðskiptunum einnig fæst í auknum mæli frá stjórnvöldum og út á hinn almenna markað. Þetta markaðsdrifna eftirlitskerfi hefur gengið nokkuð vel og fjármálamarkaðir hafa staðið áföll af ýmsu tagi. Nýlega hafa þó komið fram brestir í þessu fyrirkomulagi og komið hefur í ljós að fjármál nokkurra fyrirtækja hafa ekki staðið eins vel og virtist. Af þessu tilefni hefur mikið verið rætt um það á alþjóðavettvangi hvernig tryggja megi aukid gagnsæi í fjármálum fyrirtækja. Þetta efni var meðal annars á dagskrá á ráðherrafundi OECD í síðastliðnum mánuði.

Á þeim fundi lögðu ráðherrarnir áherslu á að farinn yrði meðalvegur í þessu máli og að eftirlitskerfin yrðu hæfileg blanda af reglugerðum stjórnvalda og innra eftirliti fyrirtækjanna sjálfrá. Miklu máli skiptir að stjórnir fyrirtækja séu sjálfstæðar og ábyrgar og að ekki séu hagsmunaaðrekstrar þar á ferð. Hagsmunir stjórnar ættu að fara sem best saman við hagsmuni hins almenna hluthafa. Einnig þarf að athuga virkni eftirlitsstofnana svo sem endurskoðunarfyrirtækja,

matsfyrirtækja og fjárfestingarbanka. Á þessum vígstöðum geta einnig komið til hagsmunaaðrekstrar en nauðsynlegt er að koma í veg fyrir slíkt og sjá til þess að þessar stofnanir séu sjálfstæðar og láti ekki stjórnast af þóknun viðskiptavinarins. Gagnsær staðlar þurfa að vera til staðar og nauðsynlegt er að greint sé frá fyrirsjáanlegum áhættuþáttum. Próun alþjóðlegra staðla er einnig mikilvæg en slíkir staðlar auðvelda eftirlit og gagnsæi og leiða til betur upplýstra fjárfestingarákvarðana.

Ráðvendni fyrirtækja, fjármálastofnanna og markaða er nauðsynleg fyrir stöðugleika efnahagslífsins. Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir þurfa að tryggja að fjármálastaðlar, reglugerðir og aðferðir til að hafa eftirlit með mörkuðum séu trúverðugar og tryggi rétt hluthafa. Lagaumgjörð verður ennfremur að vera þannig að hún hvetji til framsækni, nýjunga og frumkvöðlastarfssemi en komi samt í veg fyrir misnotkun og glæpsamlega hegðun.

Fjölgun kvenna í stjórnunarstörfum hjá ríkinu

	Fjöldi forstöðumanna 2001			Fjöldi forstöðumanna 2002		
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals
Ráðuneyti						
Forsætisráðuneyti	4	1	5	4	1	5
Menntamálaráðuneyti	41	13	54	41	15	56
Utanríkisráðuneyti	5	-	5	5	-	5
Landbúnaðarráðuneyti	12	-	12	12	-	12
Sjávarútvegsráðuneyti	6	-	6	5	1	6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	41	4	45	36	9	45
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	32	10	42	32	9	41
Fjármálaráðuneyti	21	1	22	21	-	21
Samgönguráðuneyti	6	-	6	6	-	6
Iðnaðarráðuneyti	7	-	7	6	1	7
Viðskiptaráðuneyti	4	-	4	4	-	4
Hagstofa Íslands	1	-	1	1	-	1
Umhverfisráðuneyti	10	-	10	10	-	10
Félagsmálaráðuneyti	11	5	16	8	8	16
Samtals	201	34	235	191	44	235
Hlutfallsleg skipting eftir kyni	85,5%	14,5%	100%	81,3%	18,7%	100%
Breyting í fjölda á milli ára				-10	10	0

Á ofangreindri töflu er samanburður á fjölda forstöðumanna ríkisstofnana eftir ráðuneytum skipt eftir kyni á árunum 2001 og 2002.

Eins og taflan sýnir hefur fjöldi forstöðumanna staðið í stað milli áruna 2001 og 2002. Karlkyns forstöðumönnum hefur aftur á móti fækkað um 10 eða sem nemur fjölgun kvenkyns forstöðumanna, þar af er ein kona sett tímabundið í leyfi karlmanns. Mesta fjölgun kvenkyns forstöðumanna er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þar fjölgar úr fjórum konum í níu.

Á undanförmu ári hafa 19 nýir forstöðumenn tekið til starfa, 7 karlar og 12 konur. Nýjar stofnanir eru tvær og eru forstöðumenn þeirra karl og kona. Einn karl tekur við af konu en 11 konur taka við af körlum. Fimm karlar taka við af körlum. Tvö embætti forstöðumanna falla niður, þar sem embættin eru sameinuð öðrum, en þeim sinntu áður annars vegar karl og hins vegar kona. Þá hafa nokkrir forstöðumenn flutst á milli embættanna.

Tekjur ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar,	2000-	2001-
%	2001	2002
Skatttekjur alls	5,7	5,2
Tekjuskattar	17,0	8,1
Tryggingagjöld	8,9	10,1
Eignarskattar	14,9	-9,9
Veltuskattar	-2,4	3,9
Tekjur alls	6,3	6,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-apríl		
12 mánaða breytingar	2000-	2001-
%	2001	2002
Almenn mál	4,1	21,0
Félagsmál	20,1	13,9
Atvinnumál	24,0	0,2
Vaxtagjöld	37,1	2,0
Önnur útgjöld	50,7	3,5
Gjöld alls	22,1	10,5

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-apríl		
	2001	2002
M.kr.		
Tekjur umfram gjöld	-327	-2905
Hr. lánsfjárföfnuður	-1934	-2366
Afborganir lána	-21441	-16696
Br. lánsfjárföfnuður	-28374	-22062
Lántökur	29417	26343
Greiðsluafkoma	1042	4281

Ýmsar helstu hágtölur		
12 mánaða br., %	2001	2002
Verðbólga- júní	6,8	4,8
Kjarnaverðb.- júní	6,8	6,8
Launavísitala- apríl	9,2	8,0
Heildarvelta jan-feb	10,3	14,1
Smás.velta jan-feb	4,1	8,1
Atvinnuleysi- apríl	1,6	2,6